

**Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn**  
**haldinn á TEAMS 4. október 2021 kl. 15.00**

Mættir: Sigurður Steinar Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir fulltrúi foreldra, Karen Hrund Heimisdóttir fulltrúi kennara, Gyða Sigurðardóttir fulltrúi kennara, Díana Dan nemandi í 9. bekk, Eva Rán nemandi í 10. bekk, Sóley nemandi í 9. bekk, Elmar Ingvi nemandi í 10. bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð alla skólaráðsmenn velkomna til fundar og sérstaklega þá sem nýir eru í ráðinu. Gengið til dagskrár.

1. Starfsáætlun skólaárs 2021-2022

Skólastjóri hafði sent skólaráðsmönnum starfsáætlunina í tölvupósti. Farið var yfir starfsáætlunina í stórum dráttum.

2. Hlutverk skólaráðs

Skólastjóri fór yfir reglugerð um hlutverk skólaráðs frá 2008. Nýir nemendur hafa tekið sæti í skólaráði sem og annar fulltrúi foreldra.

3. Fundir skólaráðs í vetur

Ákveðið að boða fundi á TEAMS en skólaráðsmönnum er velkomið að mæta í fundarherbergið. Fundir verða mánudagana 29. nóvember, 7. febrúar, 28. mars og 2. maí kl. 14:30. Síðasti fundurinn verður opinn fundur.

4. Önnur mál

- Rætt um félagslíf skólans sem er farið af stað eftir langt hlé vegna heimsfaraldurs.
- Fundarmenn lýstu yfir ánægju með að kennsla hefist kl. 8:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:35  
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari